



AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS - ENDURSKOÐUN

Skipulaghópur – fundur 3

6. febrúar 2018.

Mættir

Pétur G. Markan (Súdavíkurreppi), Barði Ingibjartsson (Göngufélag Súdavíkur), Guðfinna Hreiðarsdóttir (sumarhúsa eigendur og landeigendur), Kristján G. Jóakimsson (sjávarútvegur), Stephen James Midgley (ferðapjónusta), Guðmundur B Ragnarsson (Ungmennafélagið Geisli), Gunnar Páll Eydal (Verkís) og Erla Bryndís Kristjánsdóttir (Verkís).

Fundur settur kl. 17:10 á skrifstofu hreppsins í Álftaveri.

Erla Bryndís og Gunnar Páll fóru yfir einstök málefni og málaflokka aðalskipulagsins og sýndu drög og skissur að aðalskipulaginu. Drögin byggja á niðurstöðum íbúðingisins og samtali við fulltrúa í skipulagshópi. Sýndar voru glærur með kortum og texta. Fundurinn er framhald af fundi 2 frá 3. febrúar.

Landbúnaður

Erla Bryndís kynnti ákvæði í Landsskipulagsstefnu og skipulagsreglugerð og sýndi dæmi um skipulagsákvæði í öðrum skipulagsáætlunum. Sýnd voru dæmi um landnotkun á landbúnaðarlandi og farið yfir stefnu í landbúnaði í gildandi aðalskipulagi Súdavíkurrepps. Fjallað var um árekstra á milli landbúnaðar og annars konar nýtingar, svo sem skógræktar og frístundahúsa. Erla kynnti tillögu að flokkun landbúnaðarlands og ákvæðum um að byggja megi 3 frístundahús í aðalskipulagi og að virkja megi bæjarlækinn (sjá aftar í skjalinu). Kynntar voru hugmyndir að markmiðum og í framhaldi af því rætt um ýmsa framtíðarmöguleika í greininni. Hópurinn sér ýmis færi til sóknar en hann telur einnig mikilvægt að Súdavíkurreppur styðji almennt við þá bændur sem stunda hefðbundinn landbúnað í hreppnum. T.d. mætti setja inn ákvæði sem segir að leggja eigi áherslu á uppbyggingu í landbúnaði. Ræddir voru ýmsir framtíðarmöguleikar á nýtingu landbúnaðarsvæða, svo sem ræktun í gróðurhúsum, kornrækt auk ferðapjónustu og hugmynda um nýtingu á jarðvarma. Erfitt er að segja til um hver líklega þróun verður en hópurinn telur mikilvægt að hafa ákveðna sveigju í nýtingu jarða í Djúpinu – en þó einnig ákveðna seiglu á sama tíma þannig að önnur nýting fyrirbyggi ekki hugsanlegan landbúnað í framtíðinni. Fjallað var um möguleika á endurheimt votlendis og mikilvægi þess til að draga úr gróðurhúsaáhrifum.

Skógrækt

Erla Bryndís sýndi kort af náttúrulegum skógum og skógræktarsvæðum. Skógarnir og kjarrið í Djúpinu eru gæði sem þarf að halda í – hluti af sérkennum svæðisins.

Frístundabyggð

Sýnt var kort sem tilgreinir fjölda frístundahúsa í hreppnum í dag (með fyrirvara). Nánar var fjallað um ákvæði varðandi fjölda húsa á hverri jörð. Algengt er að miðað sé við 3 hús í aðalskipulagi. Til viðbótar

eru svæði með fleiri húsum en þá þarf að tilgreina það sérstaklega í skipulaginu. Slík svæði eru t.d. í Heydal og Þernuvík. Ráðgjafar leggja til að fjöldi húsa miðist við lista jarða sem settur verður fram í aðalskipulaginu. Þannig verður tryggt að jörðum verði ekki skipt upp eftir hentugleika til að fá auknar heimildir til að byggja frístundahús. Hópurinn telur mikilvægt að landeigendur fái tækifæri til að segja sitt álit á reglu um fjölda frístundahúsa. Ákveðið var að halda opinn fund þar sem landeigendur eru sérstaklega hvattir til þátttöku.

Ferðabjónusta

Í skipulaginu verða ferðabjónustustaðir tilgreindir í töflu og á uppdrætti (glæra). Skipulagið þarf að vera með svigrúm til að hægt verði að byggja upp ferðabjónustusvæði í sátt við landbúnað og aðra nýtingu. Á íbúabínginu var mikið talað um möguleikana sem felast í heita vatninu í Djúpinu, m.a. heita potta. Aðalskipulagið þarf að styðja við slíka mögulega þróun og uppbyggingu. Á sama tíma þarf að gæta þess að ferðabjónustustaðir séu snyrtilegir og í sumum tilvikum getur jafnvel verið rétt að vernda gamlar laugar. Sýnd var glæra með stefnu Ferðamálasamtaka Vestfjarða og greint frá vinnu Ferðamálafélags Súðavíkurrepps en fyrir liggja drög félagsins um uppbyggingu ferðabjónustu í hreppnum.

Verndarsvæði og víðerni

Gunnar Páll sýndi þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Rætt var um hvort hverfis-vernda ætti þessi svæði. Hópurinn var sammála um að slík ákvæði verði að vera raunsæ og hafa markviss gildi til að vera gagnleg.

Orkumál

Smærri virkjanir: Rætt var um að aðalskipulagið heimili smærri virkjanir innan tiltekins ramma, t.d. 200 kW rennslisvirkjun og 30 kW virkjun með litlu uppistöðulóni. Rætt var nánar um hvaða viðmið ættu að gilda fyrir litlar virkjanir. Mikilvægt er að virkjanir verði í sátt við umhverfið. Ein leið er að framkvæmdaaðili greini áhrif virkjunar í umsókn um framkvæmdaleyfi í samræmi við gátalista eða viðmið.

Vindmyllur. Guðfinna benti á mikilvægi þess að fjalla um vindmyllur í aðalskipulaginu. Fundarmenn tóku undir það sjónarmið. Skoða þarf þau mál betur.

Stærri virkjanir: Kynntar voru hugmyndir VesturVerks og Orkubús Vestfjarða sem staðsettar eru innan hreppsins eða hafa áhrif þar. Umræður voru um áhrif slíkra áforma og hvaða möguleikar eru á að tilgreina þau í aðalskipulagi. Hópurinn er sammála um að lágmarka þurfi áhrif virkjana. Hópurinn ræddi einnig mikilvægi þess að starfsemi virkjananna verði staðsett innan sveitarfélagsins, fari svo að rennsli í firðina verði beislað.

Leiðarljós

Gunnar Páll kynnti stuttlega hvað felst í leiðarljósi og gerði grein fyrir leiðarljósi Landsskipulagsstefnu. Settir voru fram punktar til að hafa í huga við gerð leiðarljóss. Samþykkt var að ráðgjafar vinni leiðarljós sem rætt verður á næsta fundi hópsins.

Framhald

Gert er ráð fyrir að hópurinn muni funda aftur í lok febrúar eða í byrjun mars. Jafnframt verður fundur með landeigendum og síðar (í lok mars eða apríl) kynning á vinnslustigi skipulagstillögunnar.

Fundi slitið kl. 19:45.

Fundargerð ritaði Gunnar Páll Eydal